

Mál nr. 60/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging.****Hlaupahjól. Skaðabótaábyrgð.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. febrúar 2022 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 17. mars 2022 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti og fylgigögnum þess kemur fram að hinn 20. júní 2021 hafi M ekið rafmagnshjóli eftir miðjum göngustíg á u.þ.b. 10 kílómetra hraða á klukkustund er hún kom að mótum stígsins og annars göngustígs, en fyrirhuguð stefna hennar var þvert yfir þessi göngugatnamót. Skyndilega hafi X komið á rafhlaupahjóli um 25 kílómetra hraða á klukkustund frá hægri og rekist á hana, með þeim afleiðingum að hún féll í jörðina. Varð M fyrir meiðslum við atvikið og gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutryggingar foreldra X, sem var 15 ára á tjónsdegi, hjá V. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 3. febrúar 2022. M vísar til 1. mgr. 43. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en af henni leiði að akstur reiðhjóls á göngustíg sé aðeins heimill valdi hann gangandi vegfarendum ekki hættu eða óþægindum. Þá sé aðeins heimilt að aka reiðhjóli um göngustíg sé þess gætt að ekki sé farið hraðar en sem nemi almennum gönguhraða. Fram komi í lögregluskýrslu, dags. 9. júlí 2021, að M hafi verið á 10 kílómetra hraða en X á 25 kílómetra hraða, sem sé langt umfram það sem heimilt sé. Þá hafi X ekki dregið úr hraðanum er hann nálgast gatnamót svo sem skylt sé. Fram komi í yfirlýsingu hans hjá lögreglu að tré hafi byrgt honum sýn við gatnamótin. Hefðu slíkar aðstæður átt að leiða til enn meiri aðgátar en ella. Sé því ljóst að X hafi valdið tjóninu með háttsemi sinni, og sé skilyrðum skaðabótaábyrgðar fullnægt. Þá verði tjón M ekki rakið til eigin sakar hennar, enda hafi hún farið gætilega og aldrei orðið X vör. Því er þá sérstaklega mótmælt að regla 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga, um forgang umferðar frá hægri eigi við í þessu tilviki enda eigi hún ekki við um akstur reiðhjóla.

Í bréfi V er vísað til þess að frásögn M af atburðum sé að finna í skýrslugjöf hennar hjá lögreglu, og sé því um einhliða frásögn að ræða sem ekki verði sjálfkrafa byggt á. Þannig sé ósannað á hvaða hraða M hafi verið en X hafi ekki verið spurður út í það við skýrslugjöf. X hafi ekið beint áfram eftir auðum göngustíg í aðdraganda atviksins, og hafi honum verið fullheimilt að aka á 25 kílómetra hraða á klukkustund. Sú staðreynd að M hafi komið hjólandi blint í veg fyrir X geri það ekki að verkum að sérstök aðgæsluskylda hafi hvílt á honum. Því er þá hafnað að hámarkshraði á vettvangi hafi verið sem nemi almennum gönguhraða, enda eigi sá áskilnaður aðeins við þegar hjólastígur liggir samhliða göngustíg enda beri hjóltreidamönnum þá að jafnaði að notast við hjólastíginn. Umræddur göngustígur sé ekki samhliða hjólastíg. Þá vísar V til 4. mgr. 26. gr. umferðarlaga um forgang umferðar frá hægri. Er afstaða V því sú að ekki sé sýnt fram á að tjón M verði rakið til skaðabótaskyldrar háttsemi X, heldur hafi verið um óhappatilvik eða eigin gáleysi M að ræða.

Álit.

X er einn hinna váttrygðu samkvæmt skilgreiningarkafla viðeigandi váttryggingarskilmála. Þá nær bótasvið váttryggingarinnar m.a. til þeirrar skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan samkvæmt íslenskum lögum sem einstakling enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Ágreiningslaust er að bæði M og X voru umrætt sinn á farartækjum sem falla undir skilgreiningar 30. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga á reiðhjóli. Þá er einnig ágreiningslaust að umrætt atvik átti sér stað á mótum tveggja göngustíga sem bæði M og X hugðust fara þvert yfir, og að X var M á hægri hönd. Aðila greinir hins vegar á um inntak 1. mgr. 43. gr. umferðarlaga, en þar kemur m.a. fram að heimilt sé að hjóla á gangstétt, göngustíg eða göngugötu, enda valdi það gangandi vegfarendum ekki hætti eða óþægindum. Sé hjólastígur samhliða gangstétt eða göngustíg skuli að jafnaði notast við hjólastíginn. Í slíkum tilvikum sé þó heimilt að hjóla á gangstétt eða göngustíg ef fyllsta öryggis er gætt og ekki er hjólað hraðar en sem nemur eðlilegum gönguhraða. Fallist verður á það með V að af ákvæði þessu leiði ekki að aðeins sé heimilt að hjóla á hraða sem samsvari eðlilegum gönguhraða á göngustíg, heldur eigi sú regla aðeins við þegar hjólastígur

er samhliða göngustíg en hjólreiðamaður kýs allt að einu að notast við göngustíg. Þrátt fyrir yfirlýsingu X fyrir lögreglu þess efnis að hann hafi verið á 25 kílómetra hraða á klukkustund er því ekki sýnt fram á að hann hafi verið á hraða sem var umfram leyfilegan hámarkshraða, eða hafi að öðru leyti brotið gegn háttarisreglum 43. gr., en sönnunarbyrði þess hvílir á M. Hvað varðar ágreining aðila um hvort IV. kafli umferðarlaga sem ber yfirskriftina „umferðarreglur fyrir ökumenn“, þ.m.t. 4. mgr. 26. gr., eigi við um stjórnendur reiðhjóla, þá verður ekki annað séð en svo sé. Þannig eru reiðhjól skilgreind sem „ökutæki“ í lögunum og þó hugtakið „ökumenn“ sé ekki skilgreint sérstaklega í 3. gr. þeirra verður að líta svo á að undir það falli allir stjórnendur ökutækja. Í umræddum kafla er einnig að finna nokkrar sérreglur um hjólreiðamenn, sem falla þá undir gildissvið hans. Verður því að líta svo á að umræddur kafli laganna eigi við um stjórnendur reiðhjóla eftir því sem við getur átt. Leiðir af því að M bar, sbr. 4. mgr. 26. gr. að veita umferð frá hægri forgang við mót göngustíganna. Fyrir nefndinni liggja engar yfirlýsingar vitna og engin sjálfstæð rannsókn fór fram á tildrögum atviksins en fyrir liggur að bæði M og X gáfu skýrslur hjá lögreglu. Þar lýsir X atvikum m.a. svo að M hafi birst mjög skyndilega á reiðhjóli frá vinstri en M segist ekki hafa orðið vör við X í aðdraganda atviksins. Með vísan til alls þessa verður að líta svo á að tjón M verði rakið til óhappatilviks og þess að M hjólaði þvert yfir gatnamót án þess að gæta nægilega að umferð frá hægri. Hefur í öllu falli ekki verið sýnt fram á með fyrirbyggjandi gögnum að það sé að rekja til skaðabótaskyldrar háttsemi X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar foreldra X, hjá V.

Reykjavík, 5. apríl 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson